

Fjárlög 2011

Æðsta stjórn ríkisins	3.320.200.000
Forsætisráðuneyti	903.900.000
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	56.495.000.000
Utanríkisráðuneyti	10.932.600.000
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	18.637.700.000
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	23.507.300.000
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	121.475.500.000
Heilbrigðisráðuneyti	97.611.400.000
Fjármálaráðuneyti	57.241.000.000
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	33.741.000.000
Iðnaðarráðuneyti	4.770.000.000
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	3.200.000.000
Umhverfisráðuneyti	6.000.000.000
Vaxtagjöld ríkissjóðs	75.000.000.000
Samtals	513.799.000.000

Til greiðslu:

513.799.000.000 kr

EKKI HEIMILD



KLIPPUM KORTIÐ

Fjárlagatillögur ungra sjálfstæðismanna 2011

**UNGIR
SJÁLFSTÆÐISMENN**

Klippum kortið

Fjárlagatillögur Sambands ungra sjálfstæðismanna fyrir 2011

SUS
Reykjavík, desember 2010

EFNISYFIRLIT

1.	Samantekt og kynning	4
2.	Sparnaðartillögur ungra sjálfstæðismanna.....	5
2.1	Æðsta stjórn ríkisins	6
2.2	Forsætisráðuneyti	7
2.3	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	8
2.4	Utanríkisráðuneyti	10
2.5	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.....	11
2.6	Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti.....	13
2.7	Félags- og tryggingamálaráðuneyti	14
2.8	Heilbrigðisráðuneyti	15
2.9	Fjármálaráðuneyti	16
2.10	Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.....	17
2.11	Iðnaðarráðuneyti	18
2.12	Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	20
2.13	Umhverfisráðuneyti.....	21
2.14	Önnur mál – minnkum umsvif hins opinbera.....	22
	UM SUS.....	24
	UM SKÝRSLUNA	25

1. Samantekt og kynning

Fjárlagafrumvarp Steingrims J. Sigfússonar, fjármálaráðherra, fyrir árið 2011 gerir ráð fyrir rúmlega 36 milljarða króna halla á rekstri ríkissjóðs. Gangi sú spá eftir verður það þriðja árið í röð sem ríkissjóður er rekinn með halla undir stjórn vinstrimanna, þrátt fyrir stórfelldar skattahækkanir sl. tvö ár.

Það má þó segja núverandi ríkisstjórn til hróss, að sparnaður skv. fjárlögum næsta árs mun nema um 28 milljörðum króna, en gert er ráð fyrir viðsnúningi á rekstri ríkissjóðs um 44 milljarða króna. Eins og komið hefur fram bendir þó allt til þess að sparnaðartillögur vinstri stjórnarinnar bitni hvað verst á heilbrigðis- og velferðarþjónustu á landsbyggðinni.

Að því sögðu er rétt að taka fram að 28 milljarðar eru aðeins dropi í hafið í ljósi stóraukinna útgjalda ríkisins síðustu árin fyrir bankahrun. Núverandi stjórn SUS hefur áður gagnrýnt forystu Sjálfstæðisflokksins vegna aukinna útgjalda á þeim tíma og stendur enn við þá gagnrýni.

Fyrir utan þann sparnað sem áætlaður er á fjárlögum næsta árs er jafnframt gert ráð fyrir því að engin hækkun verði á launum ríkisstarfsmanna og engar hækkanir komi til á grunnfjárhæðum bótakerfisins. Hvoru tveggja á skv. fjárlagafrumvarpinu að spara ríkinu um 5 milljarða króna.

Í fjárlagafrumvarpi næsta árs ber þó einnig við kunnuglegt stef vinstri manna; skattahækkanir. Þannig hyggst vinstri stjórnin auka tekjur ríkisins um 8 milljarða króna með nýjum og hækkandi sköttum auk þess sem gert er ráð fyrir tekjum upp á um 3 milljarða króna vegna greiðslna úr séreignarsparnaði landsmanna.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs nemi á næsta ári 477,4 milljörðum króna og að þær aukist þannig um 24 milljarða frá árinu 2010. Á sama tíma er gert ráð fyrir að útgjöld ríkisins nemi um 513,8 milljörðum króna sem útskýrir fyrirnefndan 36 milljarða króna halla. Fjárlagahallinn verður því um 2,1% af vergri landsframleiðslu.

Stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna (SUS) telur sem fyrr að vel sé hægt að spara í rekstri ríkisins og leggur hér til að útgjöld ríkisins verði lækkuð um 49,9 milljarða króna. Verði farið að tillögum SUS má gera ráð fyrir hallalausum rekstri ríkissjóðs án skattahækkana vinstri stjórnarinnar.

Það má aldrei gleyma því að skattkerfið á aðeins að nota til að standa straum af nauðsynlegum rekstri ríkissjóðs. Að nota skattkerfið, og beita skattinnheimtu, sem jöfnunartæki eða til að fjármagna óþarfa verkefni er ekkert annað en þjófnaður af hálfu hins opinbera. Við yfirlestur fjárlaga fyrri ára má finna mikinn fjölda dæma þar sem stjórnámálamenn hafa misnotað skattkerfið til að greiða fyrir gæluverkefni og annan óþarfa.

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins lagði nýlega fram efnahagstillögur sem fela í sér fjölgun starfa, lækkan skatta og aðgerðir í þágu heimila í landinu. Ungir sjálfstæðismenn fagna tillögum þingflokksins, þá sérstaklega áherslu þingflokksins á að fella úr gildi skattahækkanir vinstri stjórnarinnar. Þó telja ungir sjálfstæðismenn að þingflokkurinn gangi of skammt í átt til lækkunar ríkisútgjalda. Jafnframt telja ungir sjálfstæðismenn að þingflokkur Sjálfstæðisflokksins eigi að fara sér hægt í að lofa opinberum aðgerðum í þágu atvinnulífsins. Nær væri að skapa atvinnulífinu svigrúm og draga úr völdum og áhrifum hins opinbera.

2. Sparnaðartillögur ungra sjálfstæðismanna

Við yfirferð fjárlagafrumvarps næsta árs má sjá fjölmörg verkefni sem ekki eiga heima hjá hinu opinbera. Þar er ýmist um að ræða óþarfa verkefni eða verkefni sem betur væru komin í höndum einkaaðila.

Hér á eftir fara ítarlegar sparnaðartillögur ungra sjálfstæðismanna sem þó koma ekki verulega niður á velferðar-, heilbrigðis- eða menntakerfinu. Í flestum tilvikum er um að ræða atriði sem ekki er hægt með nokkrum hætti að réttlæta að skattfé almennings sé varið í. Rétt er að minna á að skatttekjur ríkisins verða ekki til af sjálfu sér heldur er fjármagn tekið út vösum vinnandi manna og því varið í fjölmörg verkefni sem ekki eiga heima hjá ríkinu.

Farið er yfir hvert ráðuneyti fyrir sig auk æðstu stjórnar ríkisins. Í þar til gerðum töflum má finna þau atriði sem ungir sjálfstæðismenn telja ýmist að leggja megi niður eða færa úr höndum hins opinbera. Nánari skýringar fylgja í greinargerð með hverju ráðuneyti. Allar tölur eru í milljónum króna.

Í eftirfarandi töflu má sjá samantekt á sparnaðartillögum SUS. Sem fyrr segir leggur SUS til að útgjöld ríkisins verði lækkuð um 49,9 milljarða króna. Þess utan er gerð krafa um 5% flata hagræðingu á eftirstandandi liði. Að því viðbættu myndu útgjöld ríkisins lækka um tæpa 54,5 milljarða á næsta ári.

Ráðuneyti	Greitt úr ríkissjóði ¹	Sérstakar sparnaðartillögur SUS
Æðsta stjórn ríkisins	3.320,2	-200,0
Forsætisráðuneyti	897,9	-327,3
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	54.894,1	-12.784,3
Utánríkisráðuneyti	10.534,0	-1.062,4
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	15.968,2	-4.940,9
Dóms- og mannréttindaráðuneyti	22.822,2	-2.412,1
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	60.035,0	-1.419,3
Heilbrigðisráðuneyti	96.977,7	-234,2
Fjármálaráðuneyti	46.501,1	-975,6
Samgöngu- og sveitastjórnaráðuneyti	16.725,7	-17.728,5
Iðnaðarráðuneyti	4.672,5	-4.090,8
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	1.280,5	-382,4
Umhverfisráðuneyti	3.886,7	-3.332,9
	338.515,8	-49.890,7
Að viðbættum 5% flötum niðurskurði		-54.448,5

¹ Hér er aðeins átt við beint framlag úr ríkissjóði (brúttó) en ekki heildarkostnað ráðuneytisins með ríkistekjum.

2.1 Æðsta stjórn ríkisins

Undir liðinn *æðsta stjórn ríkisins* fellur m.a. embætti forseta Íslands, Alþingi, ríkisstjórn Íslands, Ríkisendurskoðun, Hæstiréttur og stjórnlagabing.

Ungir sjálfstæðismenn leggja til 200 milljóna króna beinan sparnað undir þessum lið en það eru áætluð útgjöld vegna komandi stjórnlagabings.

Verkefni/Stofnun	Fjárlög 2011	Tillaga SUS	Sparnaður
Stjórnlagabing	200,0	-100%	-200,0

Sparnaðartillögur SUS -200,0

Stjórnlagabingið er með öllu óþarft og í raun algjör fásinna að verja 200 milljónum króna af skattfé almennings til jafn tilgangslausra hluta eins og hér um ræðir. Lagt er til að hætt verið við þingið hið snarasta. Á Alþingi sitja 63 lýðræðislega kjörnir fulltrúar og ef mikill vilji er fyrir því að endurskoða stjórnarskrána skal það gert með þverpólitískum hætti á vettvangi Alþingis.

Ungir sjálfstæðismenn leggja jafnframt til 5% flata hagræðingarkröfu undir liðnum æðsta stjórn ríkisins sem þýðir aukinn sparnað upp á 176 milljónir króna. Þannig mætti spara tæpar 380 milljónir króna undir þessum lið.

Ólíkt stefnu ungra sjálfstæðismanna sl. ár, og jafnvel áratugi, telja ungir sjálfstæðismenn óþarft að leggja niður embætti forseta Íslands. Þess í stað er lagt til að embætti forseta og forsætisráðherra verði sameinuð. Hér er um að ræða stefnubreytingu sem samþykkt var á málefnaþingi SUS í nóvember sl. Rétt er þó að taka fram að embættið á eins og aðrar stofnanir að halda sig innan ramma fjárlaga og aldrei má verða undantekning þar á.

2.2 Forsætisráðuneyti

Ungir sjálfstæðismenn leggja fram 5% flata hagræðingarkröfu á forsætisráðuneytið. Aðrir sérstakir liðir eru eftirfarandi:

Verkefni/Stofnun	Fjárlög 2011	Tillaga SUS	Sparnaður
Hið íslenska fornritafélag	10,0	-100%	-10,0
Efnahagsrannsóknir	40,0	-100%	-40,0
Hrafseyri	22,9	-100%	-22,9
Vesturfarasetrið á Hofsósi	28,0	-100%	-28,0
Gjöf Jóns Sigurðssonar	6,6	-100%	-6,6
Afmæli Jóns Sigurðssonar	30,2	-100%	-30,2
Sóknaráætlun v/ atvinnulífs	20,0	-100%	-20,0
Ýmis verkefni	23,0	-100%	-23,0
Rástöfunarfé ráðherra	2,5	-100%	-2,5
V-norrænt menningarhús	12,5	-100%	-12,5
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	83,6	-100%	-83,6
Ísl. upplýsingasamfélagið	48,0	-100%	-48,0

Sparnaðartillögur SUS -327,3

Eins og sjá má leggja ungir sjálfstæðismenn til tæplega 330 milljóna króna beinan sparnað hjá forsætisráðuneytinu og er þar gengið mun lengra en í tillögum SUS frá því í fyrra þegar aðeins var gerð krafa um rúml. 120 milljóna króna beinan sparnað.

Hvað þjóðgarðinn á Þingvöllum varðar er ekki lagt til að hann verði lagður niður heldur að rekstur hans verði tekinn af fjárlögum. Þjóðgarðurinn fær um 30 milljónir króna í aðrar tekjur og rétt er vinna að því að rekstur hans verði sjálfbær.

Alls eru 897,9 milljónir króna greiddar úr ríkissjóði vegna forsætisráðuneytisins. Þegar búið er að skera niður þau verkefni sem getið er um í ofangreindri töflu og tillit tekið til 5% hagræðingarkröfu, má spara 28,8 milljón króna til viðbótar.

Heildarsparnaður ráðuneytisins getur því orðið um 356 milljónir króna.

2.3 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Ungir sjálfstæðismenn leggja ekki fram beina hagræðingarkröfu á mennta- og menningarráðuneytið. Þó er gert ráð fyrir eftirfarandi sparnaði:

Verkefni/Stofnun	Fjárlög 2011	Tillaga SUS	Sparnaður
Ráðstöfunarfé	6,1	-100%	-6,1
Raunvísindastofnun Háskólans ²	350,3	-100%	-350,3
Stofnun Árna Magnússonar	274,2	-100%	-274,2
Námsmatsstofnun	111,2	-100%	-111,2
Rannsóknarmiðstöð Íslands	213,3	-100%	-213,3
Ritlauna- og ranns.sjóður prófessora	184,7	-100%	-184,7
Markáætlun á sviði vísinda og tækni	285,0	-100%	-285,0
Rannsóknarsjóður	782,5	-100%	-782,5
Rannsóknarnámssjóður	96,0	-100%	-96,0
Nýsköpunarsjóður	20,0	-100%	-20,0
Menntastofnun ÍSL og BNA	10,6	-100%	-10,6
Þekkingarsetur Vestmannaeyja	13,9	-100%	-13,9
Fræða- og þekkingarsetur	58,0	-100%	-58,0
Háskólasetur Vestfjarða	64,9	-100%	-64,9
Þekkingarsetur Suðurlands	14,3	-100%	-14,3
Reykjavíkúráðakademían	15,2	-100%	-15,2
Vísindastarfsemi	22,1	-100%	-22,1
Háskólastarfsemi	194,7	-100%	-194,7
Háskólar, óskipt	15,3	-100%	-15,3
Námshagnastofnun	426,9	-100%	-426,9
Fornleifavernd ríkisins	81,0	-100%	-81,0
Þjóðminjasafn Íslands	367,3	-100%	-367,3
Þjóðmenningarhúsið	83,2	-100%	-83,2
Listasafn Einars Jónssonar	15,6	-100%	-15,6
Listasafn Íslands	151,5	-100%	-151,5
Kvikmyndasafn Íslands	41,8	-100%	-41,8
Náttúruminjasafn Íslands	21,1	-100%	-21,1
Gljúfrasteinn - hús skáldsins	28,1	-100%	-28,1
Safnasjóður	97,3	-100%	-97,3
Söfn, ýmis framlög	169,6	-100%	-169,6
Fjölmiðlastofa	37,4	-100%	-37,4
Harpa, tónlistarhús	424,4	-100%	-424,4
Viðhald menningarstofnana	171,6	-100%	-171,6
RÚV	2980,0	-100%	-2.980,0
Íslenski dansflokkurinn	113,0	-100%	-113,0
Þjóðleikhúsið	647,0	-100%	-647,0
Sinfóníuhljómveit Íslands	588,0	-100%	-588,0
Launasjóður listamanna	408,8	-100%	-408,8

² Ekki er lagt til að Raunvísindastofnun HÍ verði lögð niður. Hins vegar er lagt til að 350 m.kr. beint framlag úr ríkissjóði verði lagt af og að stofnunin lifi á sértekjum, sem nú þegar eru um 600 m.kr. árlega.

Húsafriðunarnefnd	46,4	-100%	-46,4
Listskreytingasjóður	0,7	-100%	-0,7
Kvikmyndamiðstöð Íslands	519,1	-100%	-519,1
Listir, framlög	795,8	-100%	-795,8
Ýmis fræðistörf	87,1	-100%	-87,1
Norræn samvinna	13,9	-100%	-13,9
Rammaáætlun ESB um menntun	1036,0	-100%	-1.036,0
Æskulýðsmál	188,9	-100%	-188,9
Ýmis íþróttamál	333,2	-100%	-333,2
Ýmislegt	177,3	-100%	-177,3

Sparnaðartillögur SUS **-12.784,3**

Ungir sjálfstæðismenn leggja til verulegan sparnað á útgjöldum mennta- og menningarmálaráðuneytisins en eins og sjá má í töflunni fyrir ofan ver ráðuneytið fjármunum í fjöldann allan af óþarfa verkefnum. Víða er lagt til að verkefni eða stofnanir verði með öllu lögð niður og þá telur SUS að mikið svigrúm sé til staðar til að skera niður í framlagi til rannsóknarverkefna, enda slíkum verkefnum betur komið hjá menntastofnunum og einkaaðilum og rétt að þau séu fjármögnuð af öðrum en með skattheimtu.

Það er ekki hlutverk hins opinbera að starfrækja söfn, hvað þá að skattgreiðendur séu látnir greiða fyrir þau. Á þessu eru engar undantekningar. Nær væri að söfn væru í höndum einkaaðila sem myndu fjármagna þau með styrkjum (öðrum en opinberum) og aðgangsgjaldi. Þá telur SUS jafnframt að með tíð og tíma beri að efna til uppboðs á málverkum og öðrum listmunum í eigu ríkisins.

Hvað Ríkisútvarpið (RÚV) varðar er löngu tímabært að einkavæða fyrirtækið. Stigið var ákveðið skref með því að gera RÚV að opinberu hlutafélagi vorið 2008 en nú ber að stíga skrefið til fulls og koma fyrirtækinu úr höndum ríkisins til einkaaðila.

Einstaklingar eiga að velja sér menningarafþreyingu sjálfir og án afskipta hins opinbera. Hið opinbera hefur engar forsendur til að meta, eða mismuna, einum menningarhópi umfram annan líkt og nú er gert. Þess vegna á ríkið að láta af öllum styrkjum til Þjóðleikhússins, Sinfóníuhljómsveitarinnar, Íslenska dansflokksins og annarra skyldra málaflokka. Rétt er að leggja fyrrnefndar menningarstofnanir niður, í það minnsta breyta þeim í sjálfseignarstofnanir þar sem tekjur þurfa að duga fyrir rekstri.

Hvað Kvikmyndamiðstöð Íslands varðar telur SUS það ekki hlutverk hins opinbera að verja skattfé almennings til kvikmyndagerðar. Heyra má á máli kvikmyndaframleiðenda hér á landi að slík framleiðsla sé arðbær og því telur SUS að kvikmyndaframleiðendur skuli bera kostnað af framleiðslu kvikmynda en njóti þá um leið allrar arðsemi af slíkri framleiðslu.

Með ofangreindum tillögum getur sparnaður mennta- og menningarmálaráðuneytisins numið rétt tæpum 12,8 milljörðum króna.

2.4 Utanríkisráðuneyti

Ungir sjálfstæðismenn leggja fram 5% flata hagræðingarkröfu á utanríkisráðuneytið. Aðrir sérstakir liðir eru eftirfarandi:

Verkefni/Stofnun	Fjárlög 2011	Tillaga SUS	Sparnaður
Samskipti við V-Íslendinga	6,0	-100%	-6,0
Þáttaka fullrúa vinnumarkaðarins í EFTA og EES samstarfi	2,5	-100%	-2,5
Mannréttindamál	4,0	-100%	-4,0
Hafréttarstofnun Íslands	7,4	-100%	-7,4
Umsókn Íslands um aðild að ESB	150,0	-100%	-150,0
Ráðstöfunarfé	3,5	-100%	-3,5
Varnarmálastofnun	889,0	-100%	-889,0
Íslandsstofa ³	0,0	-100%	0,0

Sparnaðartillögur SUS -1.062,4

Ungir sjálfstæðismenn leggja til beinan sparnað upp á rúmlega 1 milljarð króna en þar munar mestu um rekstur Varnarmálastofnunar. Þar er þó sá galli á að þrátt fyrir að tekin hafi verið ákvörðun um að loka Varnarmálastofnun hefur núverandi ríkisstjórn enga stefnu mótað um þau verkefni sem voru á könnu stofnunarinnar. Kalla ber eftir stefnu og festu yfirvalda um þau verkefni sem stofnunin sinnti.

Ekki er lagður til niðurskurður á rekstri sendiráða að undanskilinni 5% hagræðingarkröfu eins og á aðra þætti ráðuneytisins. Þó er mikilvægt að ná fram hagræðingu í rekstri utanríkisþjónustunnar án þess að það skaði orðstír eða stöðu Íslands á erlendri grundu. Leita þarf leiða til að hagræða í rekstri sendiráða, s.s. að selja dýrar byggingar, sameina skrifstofur við önnur norræn sendiráð og svo framvegis.

Sérstök athygli er vakin á 150 milljóna króna framlagi skattgreiðenda vegna umsóknar Íslands að Evrópusambandinu. Hér er aðeins um að ræða beinan kostnað í utanríkisráðuneyti, en gera má ráð fyrir að heildarkostnaður ríkisins muni nema 1-2 milljörðum króna. Ungir sjálfstæðismenn hafa margoft lýst yfir andstöðu sinni við aðild að ESB og því er lagt til að verkefnið verði lagt niður og skattgreiðendum, sem skv. könnunum eru andsnúnir aðild, verði sparað það fjármagn sem í það fer.

Með ofangreindum tillögum og 5% hagræðingarkröfu á aðra liði ráðuneytisins getur sparnaður utanríkisráðuneytisins numið rúmum 1,5 milljarði króna.

³ Rekstur Íslandsstofu (áður útflutningsráð) er fjármagnaður með sértekjum (tæpl. 400 m.kr.) og því ekki um raunsparnað fyrir ríkið að ræða þó stofnunin yrði lögð niður þar sem tekjur ríkisins myndu lækka á móti. Hún er þó með í töflunni enda telja ungir sjálfstæðismenn rétt að leggja stofnunina niður.

2.5 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Ungir sjálfstæðismenn leggja fram 5% flata hagræðingarkröfu á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Aðrir sérstakir liðir eru eftirfarandi:

Verkefni/Stofnun	Fjárlög 2011	Tillaga SUS	Sparnaður
Ýmis verkefni	334,6	-100%	-334,6
Ráðstöfunarfé ráðherra	3,0	-100%	-3,0
Fiskistofa	676,8	-100%	-676,8
Verðlagsstofa skiptaverðs	12,9	-100%	-12,9
Matvælastofnun	741,4	-100%	-741,4
Héraðs- og Austurlandsskógar	117,6	-100%	-117,6
Suðurlandsskógar	93,1	-100%	-93,1
Vesturlandsskógar	50,5	-100%	-50,5
Skjólsskógar á Vestfjörðum	39,9	-100%	-39,9
Norðurlandsskógar	86,5	-100%	-86,5
Hafrannsóknarstofnun	1.267,0	-100%	-1.267,0
Veiðimálastofnun	99,9	-100%	-99,9
Matvælarannsóknir	424,2	-100%	-424,2
Rannsóknarsjóður til að auka verðmæti sjávarfangs	265,8	-100%	-265,8
Bygging ranns.st. sjávarútvegsins	9,4	-100%	-9,4
Skrifstofa ranns.st. atvinnuveganna	53,5	-100%	-53,5
Rannsóknir háskóla í þágu landbúnaðar	151,2	-100%	-151,2
Landgræðsla í þágu landbúnaðar	22,1	-100%	-22,1
Hagþjónusta landbúnaðarins	24,9	-100%	-24,9
Bændasamtök Íslands	394,0	-100%	-394,0
Framl.sjóður landbúnaðarins	15,3	-100%	-15,3
Greiðslur v. riðuveiki	47,3	-100%	-47,3
Bjargráðasjóður	10,0	-100%	-10,0

Sparnaðartillögur SUS -4.940,9

Þessu til viðbótar leggur SUS til að eftirfarandi verkefni verði tekin af fjárlögum, jafnvel þó þau séu fjármögnuð með sértekjum. Það skal þó tekið fram að ekki er um raunsparnað að ræða þar sem tekjur ríkisins myndu lækka á móti. Þeir sem fjármagna þessi óþörfu verkefni myndu þó spara stórfé. Önnur verkefni eru eftirfarandi:

Verkefnasjóður sjávarútvegsins	35,0	-100%	-35,0
Búnaðarsjóður	400,0	-100%	-400,0
Verðmiðlun landbúnaðarvara	405,0	-100%	-405,0
Fóðursjóður	1.400,0	100%	1.400,0
Fiskræktarsjóður	11,0	-100%	-11,0

Ungir sjálfstæðismenn leggja til niðurskurð á flestum atriðum undir liðnum *ýmis verkefni* – þó með þeim fyrirvara að þar er að finna alþjóðlegar skuldbindingar, s.s. hafrannsóknir, alþjóðahvalveiðiráðið og fleira.

Rétt er að verkalýðssamtök sjómanna sinni sjálf því hlutverki sem verðlagsstofa skiptaverðs sinnir nú og því er lagt til að hún verði lögð niður.

Þá á að leggja niður rekstur Hafrannsóknarstofnunar (Hafró) enda rétt að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi sinni sjálfir því hlutverki sem Hafró sinnir nú. Þannig mætti t.a.m. leggja niður auðlindagjald sjávarútvegsins þannig að sjávarútvegfyrtæki gætu frekar fjárfest í hafrannsóknnum.

Hvað skógrækt og landgræðslu varðar telur SUS að slík verkefni eigi betur heima hjá landeigendum sjálfum. Í öllu falli mætti gera Landgræðslu ríkisins að sjálfseignarstofnun sem afla þyrfti sér tekna með öðrum hætti en að sækja þá í vasa skattgreiðenda. Það sama gildir um önnur skógræktarverkefni.

Þó ungir sjálfstæðismenn hugsi alla jafna hlýtt til landbúnaðarins er með engu móti hægt að réttlæta tæplega 400 milljóna króna framlag skattgreiðenda til Bændasamtaka Íslands, né nokkurra annarra hagsmunasamtaka, og því lagt til að það verði fellt niður. Réttast er að samtökin fjármagni sig með öðrum hætti frá þeim sem eiga hagsmuna að gæta í landbúnaði.

Með ofangreindum tillögum og 5% hagræðingarkröfu á aðra liði ráðuneytisins getur sparnaður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins numið tæpum 5,5 milljörðum króna.

Hvað greiðslur vegna mjólkur-, sauðfjár- og grænmetisframleiðslu varðar þá er sérstaklega fjallað um það undir liðnum önnur mál í lok skýrslunnar.

2.6 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti

Ungir sjálfstæðismenn leggja fram 5% flata hagræðingarkröfu á dóms- og mannréttindaráðuneytið. Aðrir sérstakir liðir eru eftirfarandi:

Verkefni/Stofnun	Fjárlög 2011	Tillaga SUS	Sparnaður
Neytendasamtökin	8,5	-100%	-8,5
Mannréttindamál	16,7	-100%	-16,7
Ýmislegt	22,0	-100%	-22,0
Ráðstöfunarfé ráðherra	5,6	-100%	-5,6
Sóknargjöld	1.859,0	-100%	-1.859,0
Kristnisjóður	76,3	-100%	-76,3
Jöfnunarsjóður sókna	302,0	-100%	-302,0
Neytendastofa	107,7	-100%	-107,7
Talsmaður neytenda	14,3	-100%	-14,3

Sparnaðartillögur SUS -2.412,1

Neytendastofa og embætti talsmanns neytenda eru með öllu óþarfa stofnanir og því ber að leggja þær niður hið snarasta. Neytendur og samtök þeirra eru fullfærir um að sinna því hlutverki sem þessar stofnanir sinna nú á þeirra kostnað.

Hvað Þjóðkirkjuna varðar telur SUS rétt að aðskilja ríki og kirkju. Það verður hins vegar ekki gert á einu bretti og því telur hópurinn rétt að gefa kirkjunni aðlögunartíma. Nánar er fjallað um Þjóðkirkjuna undir liðnum önnum mál hér aftast í skýrslunni.

Hið sama verður þó ekki sagt um sóknargjöld. Hvað sem sambandi ríkis og kirkju líður er það ekki hlutverk ríkisins að innheimta sóknargjöld fyrir trúfélög enda rétt að þeir sem taka þátt í starfi trúfélaga standi straum af kostnaði vegna reksturs þeirra.

Með ofangreindum tillögum og 5% hagræðingarkröfu á aðra liði ráðuneytisins getur sparnaður dóms- og mannréttindaráðuneytisins numið rúmum 3,4 milljörðum króna.

2.7 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

Ungir sjálfstæðismenn leggja ekki fram flata hagræðingarkröfu á félags- og tryggingamálaráðuneytið. Þó er gert ráð fyrir öðrum sparnaði sem hér segir:

Verkefni/Stofnun	Fjárlög 2011	Tillaga SUS	Sparnaður
Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	7,2	-100%	-7,2
Ýmislegt	112,4	-100%	-112,4
Ráðstöfunarfé ráðherra	3,5	-100%	-3,5
Leiguíbúðir	236,0	-100%	-236,0
Ríkissáttasemjari	55,5	-100%	-55,5
Jafnréttisstofa	85,5	-100%	-85,5
Vinnueftirlit ríkisins	231,1	-100%	-231,1
Vinnumál	78,5	-100%	-78,5
Félagsmálaskóli alþýðu (ASÍ)	15,6	-100%	-15,6
Fæðingarorlof (sérframlag) ⁴	594,0	-100%	-594,0

Sparnaðartillögur SUS -1.419,3

Hér er um langstærsta útgjaldaráðuneytið að ræða þó nær helmingur þess sé fjármagnaður með óbeinum sköttum og ríkistekjum.

Lagt er til að liðurinn *leiguíbúðir* falli niður. Ríkissjóður greiðir niður lán til lánveitenda þeirra sem uppfylla skilyrði um tekju- og eignamörk skv. VIII. kafla húsnæðis laga. Lagt er til að þessari tekjutilfærslu til leigusala verði hætt hið fyrsta.

Þá ber að leggja niður embætti ríkissáttasemjara. Eðlilegt er að ef aðilar vinnumarkaðarins geta ekki komist að niðurstöðu skuli þeir greiða sjálfir fyrir þá sáttáþjónustu sem þeir telja sig þurfa. Á það jafnt við um opinbera starfsmenn sem aðra.

Hvað Vinnueftirlit ríkisins varðar þá er lagt til að 230 milljóna króna framlag skattgreiðenda verði lagt niður en stofnunin fær þess utan tæpar 240 milljónir króna í tekjur af öðrum ríkistekjum. Réttast væri þó að leggja stofnunina niður og fela aðilum vinnumarkaðarins að annast, og um leið fjármagna, þau mál sem hún sinnir nú. Eina hlutverk ríkisins í þessu máli er að setja lög um öryggi og aðbúnað á vinnustað. Ef tjón verður á vinnustað og aðbúnaður er ekki í samræmi við reglur, verður vinnuveitandinn að jafnaði skaðabótaskyldur. Vinnuveitendur hafa því beinan hag af því að vera með aðbúnað á vinnustöðum í lagi.

Taka þarf fæðingarorlofssjóð til gagn Gerrar endurskoðunar. Ljóst er að hið opinbera er fyrir löngu búið að missa öll tök á vexti sjóðsins. Þó er ljóst að hann verður ekki lagður niður í einu vetfangi.

Með ofangreindum tillögum getur sparnaður félags- og tryggingamálaráðuneytisins numið rétt rúmlega 1,4 milljörðum króna.

⁴ Ekki er lagt til að fella niður Fæðingarorlofssjóð í heild sinni heldur er hér um að ræða tæplega 600 m.kr. aukaframlag úr vösum skattgreiðenda í sjóðinn sem lagt er til að fallið verði frá.

2.8 Heilbrigðisráðuneyti

Ungir sjálfstæðismenn leggja ekki fram flata hagræðingarkröfu á heilbrigðisráðuneytið. Þó er gert ráð fyrir öðrum sparnaði sem hér segir:

Verkefni/Stofnun	Fjárlög 2011	Tillaga SUS	Sparnaður
Ráðstöfunarfé ráðherra	3,6	-100%	-3,6
Lýðheilsustöð	230,6	-100%	-230,6

Sparnaðartillögur SUS -234,2

Þrátt fyrir að vera næst stærsta útgjaldaráðuneytið leggur SUS til að heilbrigðisráðuneytinu verði að mestu hlíft við niðurskurði. Sá niðurskurður sem vinstristjórnin hefur boðað bitnar að mestu á landsbyggðinni og er því nokkuð ósanngjarn. Þó skal taka fram að ekki verður komist hjá því að skera niður frá fjárlögum þessa árs en gæta þarf jafnræðis milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins.

Lýðheilsustöð á að leggja niður sem fyrst enda með öllu óþörf. Nú þegar liggja fyrir tillögur um að sameina hina stjórnlyndu stofnun Lýðheilsustöð og Landlæknisembættið. Nær væri að leggja Lýðheilsustöð niður strax enda ekki hlutverk hins opinbera að leggja einstaklingum línurnar með það hvernig þeir skuli haga lífi sínu. Þá eru aðrir aðilar betur til þess fallnir að sinna lýðheilsuverkefnum og má þar nefna íþróttafélög, hjartavernd, tryggingafélög, menntastofnanir og fleira.

Við þetta má bæta að SUS telur að verulega þurfi að taka til í rekstri heilbrigðiskerfisins hér á landi eins og margoft hefur komið fram í ályktunum SUS í gegnum tíðina. Nánari tillögur verða kynntar við betra tækifæri en helst má nefna aðkomu einkaaðila, breytt rekstrarform og kostnaðarþátttöku sjúklinga upp að einhverju marki svo fáein dæmi séu nefnd.

Með ofangreindum tillögum getur beinn sparnaður heilbrigðisráðuneytisins numið um 234 milljónum króna.

2.9 Fjármálaráðuneyti

Ungir sjálfstæðismenn leggja fram 5% flata hagræðingarkröfu á fjármálaráðuneytið. Aðrir sérstakir liðir eru eftirfarandi:

Verkefni/Stofnun	Fjárlög 2011	Tillaga SUS	Sparnaður
Ráðstöfunarfé ráðherra	3,1	-100%	-3,1
Útgjöld skv. heimildarákvæðum	330,0	-100%	-330,0
Bankasýsla ríkisins	55,9	-100%	-55,9
Ríkisstjórnarákvarðanir	160,0	-100%	-160,0
Framlög til stjórnmalaflokka	304,2	-100%	-304,2
Ýmis verkefni	85,5	-100%	-85,5
Ýmsar nefndir	23,0	-100%	-23,0
Kjararannsóknir	11,2	-100%	-11,2
Verðjöfnun v/útflutnings	2,7	-100%	-2,7

Sparnaðartillögur SUS -975,6

Framlög til stjórnmalaflokka eru áberandi liður sem að sjálfstöðu ber að leggja niður. Skattgreiðendur eiga ekki að fjármagna stjórnmalaflokka tilneyddir. Réttast er að stjórnmalaflokkar fjármagni sig með styrkjum frá fyrirtækjum og einstaklingum og þannig verði lögum um fjármál stjórnmalaflokka afnumin.

Þá gefur augaleið að atriði eins og *ríkisstjórnarákvarðanir* og *ýmis verkefni* eiga ekki heima í fjárlögum enda ótækt að skattgreiðendur greiði fyrir skyndiákvarðanir stjórnmalamanna.

Þá er lagt til að Bankasýsla ríkisins verði lögð niður. Þess utan er rétt að ríkið selji allar eignir sínar í fjármálastofnunum til einkaaðila.

Ungir sjálfstæðismenn telja ekki rétt að hreyfa við barna- og vaxtabótum í bili. Þó ber að endurskoða báða þætti, en saman munu þeir kosta skattgreiðendur um 19 milljarða króna á næsta ári og því ljóst að hér er aðeins um tilfærslu á fjármagni að ræða, þ.e. fjármagn er tekið af einum til að færa öðrum.

Með ofangreindum tillögum og 5% hagræðingarkröfu á aðra liði ráðuneytisins getur sparnaður fjármálaráðuneytisins numið tæpum 3,3 milljörðum króna.

2.10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Ungir sjálfstæðismenn leggja fram 5% flata hagræðingarkröfu á samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti. Aðrir sérstakir liðir eru eftirfarandi:

Verkefni/Stofnun	Fjárlög 2011	Tillaga SUS	Sparnaður
Ráðstöfunarfé ráðherra	3,1	-100%	-3,1
Slysavarnaskóli sjómanna	57,1	-100%	-57,1
Ýmis framlög ráðuneytisins	15,8	-100%	-15,8
Rekstur vegagerðarinnar	589,6	-100%	-589,6
Styrkir til ferja og sérl.hafa	936,0	-100%	-936,0
Styrkir til innanlandsflugs	284,0	-100%	-284,0
Rannsóknir	128,0	-100%	-128,0
Siglingastofnun Íslands	682,1	-100%	-682,1
Hafnarframkvæmdir	577,3	-100%	-577,3
Póst- og fjarskiptastofnun	5,0	-100%	-5,0
Jöfnunarsjóður alþjónustu	37,5	-100%	-37,5
Flugmálastjórn Íslands	227,5	-100%	-227,5
Flugvelli og leiðsögubjónusta	2.027,5	-100%	-2.027,5
Fjarskiptasjóður	40,0	-100%	-40,0
Jöfnunarsjóður sveitafélaga	12.118,0	-100%	-12.118,0

Sparnaðartillögur SUS -17.728,5

Hér leggja ungir sjálfstæðismenn til verulegan niðurskurð en mestu munar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem áætlað er að kosti skattgreiðendur rúma 12 milljarða á næsta ári. Á málefnaþingi SUS í byrjun nóvember var samþykkt tillaga um að leggja sjóðinn niður.

Þó að heildarútgjöld samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins nemi um 33,7 milljörðum króna nemur beint framlag ríkissjóðs *aðeins* 16,7 milljörðum króna. Mismunurinn er að mestu fjármagnaður með öðrum gjöldum og sköttum, s.s. bensíngjaldi og fl. sem rennur til reksturs Vegagerðarinnar. Nánar er fjalla um þetta undir liðnum *önnur mál* í lok skýrslunnar.

Loks leggur SUS til að bæði Siglingastofnun Íslands (sem síðar meir ætti að sameinast rekstri LHG) og Flugmálastjórn verði teknar af fjárlögum. Báðar þessar stofnanir hafa miklar sértekjur og aðrar tekjur sem innheimtar eru með ríkistekjum. SUS leggur ekki til að stofnanirnar verði lagðar niður heldur að fyrrgreindar sértekjur verði látnar duga fyrir rekstri.

Hvað liðinn *flugvelli og flugleiðsögubjónusta* varðar leggur SUS til að allur rekstur flugvalla verði færður í hendur einkaaðila og þeir sem nýta sér þjónustu flugvalla greiði fyrir afnotin. Í framhaldinu er rétt að huga að einkavæðingu ISAVIA, sem annast rekstur flugvalla á Íslandi.

Með ofangreindum tillögum og 5% hagræðingarkröfu á aðra liði ráðuneytisins getur sparnaður samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins numið rúmum 17,7 milljörðum króna.

2.11 Iðnaðarráðuneyti

Ungir sjálfstæðismenn leggja fram 5% flata hagræðingarkröfu á iðnaðarráðuneytið. Aðrir sérstakir liðir eru eftirfarandi:

Verkefni/Stofnun	Fjárlög 2011	Tillaga SUS	Sparnaður
Ráðstöfunarfé ráðherra	5,6	-100%	-5,6
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	510,0	-100%	-510,0
Iðnaðarrannsóknir og stóriðja	5,1	-100%	-5,1
Tækniþróunarsjóður	720,0	-100%	-720,0
Endurgr. v/ kvikmyndagerðar	157,0	-100%	-157,0
Átak til atvinnusköpunar	140,0	-100%	-140,0
Orkusjóður	30,5	-100%	-30,5
Niðurgreiðsla á húshitun	974,0	-100%	-974,0
Jöfnun kostn. v/ dreifingu raforku	245,0	-100%	-245,0
Ýmis orkumál	80,4	-100%	-80,4
Byggðaáætlun	317,6	-100%	-317,6
Byggðastofnun	287,0	-100%	-287,0
Ferðamálastofa	433,5	-100%	-433,5
Ýmis ferðamál	185,1	-100%	-185,1

Sparnaðartillögur SUS -4.090,8

Heildarútgjöld iðnaðarráðuneytisins nema um 4,7 milljörðum króna og því ljóst að ekki verður mikið eftir af ráðuneytinu nái niðurskurðartillögur SUS eyrum stjórnvalda. Hér er þó að finna það ráðuneyti sem má við hvað mestum niðurskurði en svo virðist sem ráðuneytið hafi á síðustu árum misst alla stjórn á útgjöldum í óþarfa verkefni.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands á að taka úr opinberum rekstri. Miðstöðin fær nú rúmar 600 milljónir króna í sértekjur og engin ástæða er til þess að skattgreiðendur láti stofnuninni í té rúmar 500 milljónir til viðbótar. Réttast væri að gera stofnunina að sjálfseignarstofnun. Ríkisvaldið er ekki jafn vel til þess fallið að stuðla að nýsköpun og atvinnulífið og því eru líkur til að hægt verði að vinna betur úr þeim fjármunum sem heimtast af sértekjum.

Hið sama gildir um Tækniþróunarsjóð, þó hann njóti engra sértekna. Hlutverk sjóðsins er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Slík verkefni eiga heima í höndum aðila vinnumarkaðarins.

Þá vekur athygli liðurinn átak til atvinnusköpunar sem kosta á skattgreiðendur 140 milljónir króna á næsta ári. Gallinn er þó sá að ríkið skapar ekki arðvænleg störf og þessu fjármagni er af þeim sökum illa varið.

Varðandi endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar hér á landi má nefna að samkvæmt lögum er heimilt að fá endurgreitt úr ríkissjóði ákveðið hlutfall af framleiðslukostnaði kvikmyndar eða sjónvarpsefnis. SUS leggst gegn sértækum fjáruútlátum sem þessum. Hafi stjórnvöld hug á því að laða erlenda kvikmyndagerðarmenn til landsins ber þeim að lækka skatta og gera landið þannig eftirsóknarvert.

Gert er ráð fyrir tæpum milljarði króna til niðurgreiðslu á húshitun og vegna dreifingar raforku. Nú er það svo að um 90% landsmanna hafa aðgang að jarðhita til að kynda hús sín. Íbúar þeirra svæða sem ekki hafa aðgang að jarðhita og kynda hús sín með raforku eða olíu njóta niðurgreiðslna á húshitun. Þeir sem kosið hafa að búa utan þéttbýlis, og njóta þeirra kosta sem það hefur upp á að bjóða, verða einnig að vera tilbúnir að greiða fyrir ef það er kostnaðarsamara vegna fjarlægðar við aðra byggð. Að niðurgreiða húshitunarkostnað er eins og að niðurgreiða fasteignaverð þeirra sem búa miðsvæðis í Reykjavík.

Gert er ráð fyrir tæpum 605 milljónum króna til byggðaáætlunar og reksturs Byggðastofnunar. Hið opinbera á ekki að reka byggðaáætlun af neinu tagi.

Einnig er gert ráð fyrir tæpum 620 milljónum króna til reksturs Ferðamálastofu og ýmissa ferðamálatengdra verkefna. Ferðamálastofa sér um ýmis málefni tengd ferðaþjónustu, en um er að ræða markaðsmál, samræmingu upplýsinga, alþjóðlegt samstarf o.fl. að ógleymdri útgáfu leyfa til ferðaskipuleggjenda. Engin rök eru til þess að ferðaþjónusta sé leyfis skyld starfsemi en sé vilji fyrir því, ætti leyfisveitingin frekar að vera á hendi dómsmálaráðuneytis eða sýslumanna. Að öðru leyti er um að ræða starfsemi sem ferðaþjónustuaðilar geta sjálfir staðið fyrir ef vilji er stendur til þess.

Með ofangreindum tillögum og 5% hagræðingarkröfu á aðra liði ráðuneytisins getur sparnaður iðnaðarráðuneytis numið um 4,1 milljarði króna.

2.12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

Ungir sjálfstæðismenn leggja fram 5% flata hagræðingarkröfu á efnahags- og viðskiptaráðuneytið. Aðrir sérstakir liðir eru eftirfarandi:

Verkefni/Stofnun	Fjárlög 2011	Tillaga SUS	Sparnaður
Ýmis verkefni	59,6	-100%	-59,6
Ráðstöfunarfé ráðherra	2,1	-100%	-2,1
Samkeppniseftirlitið	315,6	-100%	-315,6
Einkaleyfastofan	5,1	-100%	-5,1

Sparnaðartillögur SUS -382,4

Ungir sjálfstæðismenn leggja til að Samkeppniseftirlitið verði lagt niður í heild sinni en þar myndast meginþorrinn af þeim rúmu 380 milljónum króna sem lagt er til að efnahags- og viðskiptaráðuneytið spari. Önnur útgjöld eru smávægileg í samanburði.

Að öðru leyti er efnahags- og viðskiptaráðuneytið lítið umfangs.

Rétt er þó að endurskoða fjárveitingu til Fjármálaeftirlitsins (FME) sem hækkar verulega á milli ára. Starfsemi FME er að vísu fjármögnuð með sérstökum gjöldum á fjármála- og tryggingafélög þannig að ekki er um beint framlag skattgreiðenda að ræða. Hins vegar skýtur skökku við að stækka starfsemi FME í ljósi þess hversu lítið íslenskt bankakerfi er orðið.

Með ofangreindum tillögum og 5% hagræðingarkröfu á aðra liði ráðuneytisins getur sparnaður efnahags- og viðskiptaráðuneytisins numið tæpum 430 milljónum króna.

2.13 Umhverfisráðuneyti

Ungir sjálfstæðismenn leggja fram 5% hagræðingarkröfu á umhverfisráðuneytið. Aðrir sérstakir liðir eru eftirfarandi:

Verkefni/Stofnun	Fjárlög 2011	Tillaga SUS	Sparnaður
Samvinnunefnd um miðhálandið	4,8	-100%	-4,8
Ranns. á botndýrum	13,0	-100%	-13,0
Umhverfisvöktun	13,0	-100%	-13,0
Skógræktarfélag Íslands	34,0	-100%	-34,0
Vernd Breiðafjarðar	7,2	-100%	-7,2
Ýmis verkefni	34,6	-100%	-34,6
Ýmis framlög ráðuneytisins	77,0	-100%	-77,0
Ráðstöfunarfé ráðherra	2,9	-100%	-2,9
Náttúruranns.st. við Mývatn	20,7	-100%	-20,7
Umhverfisstofnun	614,9	-100%	-614,9
Vatnajökulspjóðgarður	312,8	-100%	-312,8
Landgræðsla ríkisins	557,9	-100%	-557,9
Skógrækt ríkisins	230,0	-100%	-230,0
Hekluskógar	20,3	-100%	-20,3
Landmælingar Íslands	233,6	-100%	-233,6
Náttúrfraeðistofnun Íslands	425,3	-100%	-425,3
Náttúrustofur	63,8	-100%	-63,8
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar	27,4	-100%	-27,4
Veðurstofa Íslands (ríkisframlag)	639,7	-100%	-639,7

Sparnaðartillögur SUS -3.332,9

Heildarútgjöld umhverfisráðuneytisins er um 6,9 milljarðar en þar af eru tæpir 3,9 milljarðar greiddir beint úr ríkissjóði. Sparnaðartillögur SUS ganga verulega á ráðuneytið og ljóst að verði þær er að veruleika yrði hægt að leggja ráðuneytið niður og færa nauðsynleg verkefni þess undir önnur ráðuneyti.

Það gefur augaleið að skattgreiðendur eiga ekki að standa undir rekstri þjóðgarða. Rekstur þjóðgarða þarf að vera sjálfbær. Hið sama má segja um Landgræðslu og Skógrækt ríkisins.

Hvað Landmælingar Íslands varðar telur SUS að leita þurfi leiða til að afla stofnuninni sértekna, t.d. með sölu á kortum og gögnum sem stofnunin hefur unnið. Hið sama gildir um Náttúrfraeðistofnun Íslands sem aflar sér nú þegar tæplega 100 milljóna króna sértekna.

Svipaða sögu er að segja um Veðurstofu Íslands. Gert er ráð fyrir því að sértekjur Veðurstofunnar verði rúmar 860 milljónir króna á næsta ári, sem er rúmlega 230 milljónum kr. hærra en framlag skattgreiðenda. Ekki er lagt til að veðurstofan verði lögð niður en taka þarf stofnunina af fjárlögum og huga að einkavæðingu hennar.

Með ofangreindum tillögum og 5% hagræðingarkröfu á aðra liði ráðuneytisins getur sparnaður umhverfisráðuneytisins numið tæpum 3,5 milljörðum króna.

2.14 Önnur mál – minnkum umsvif hins opinbera

Þær sparnaðarillögur sem hér hafa verið lagðar til fela í sér niðurskurð upp á 49,9 milljarða króna. Með 5% flatri hagræðingarkröfu, sem er mun minna en SUS lagði til í fyrra, væri hægt að spara skattgreiðendum um 4,5 milljarða aukalega.

Hins vegar eru enn fjölmörg verkefni sem hægt væri að ýmist leggja niður eða færa frá hinu opinbera. Fjölmörg verkefni eru fjármögnuð með sérstökum ríkistekjum, s.s. rekstur Vegagerðarinnar, flutningur olíuvara, Umferðarstofa og fl.

Rétt er að færa eftirfarandi verkefni úr höndum hins opinbera:

Ráðuneyti	Stofnun/verkefni	Upphæð:
Mennta- og menningar	Tilraunastöð HÍ að Keldum	183,4
Mennta- og menningar	LÍN	8.272,0
Mennta- og menningar	Jöfnun á námskostnaði	541,0
Sjávarútvegs- og landbúnaðar	Gr. v/ mjólkurframleiðslu	5.811,0
Sjávarútvegs- og landbúnaðar	Gr. v/ sauðfjárframleiðslu	4.307,0
Sjávarútvegs- og landbúnaðar	Gr. v/ grænmetisframleiðslu	483,0
Dóms- og mannréttinda	Þjóðkirkjan	1.278,0
Félags- og tryggingamála	Umboðsmaður skuldara	500,0
Fjármála	Barnabætur	9.200,0
Fjármála	Vaxtabætur	9.800,0
Samgöngu- og sveitarstjórnar	Þjónusta vega	3.122,0
Samgöngu- og sveitarstjórnar	Viðhald vega	4.679,0
Samgöngu- og sveitarstjórnar	Vegaframkvæmdir	5.976,0
Samgöngu- og sveitarstjórnar	Umferðarstofa	200,8
Efnahags- og viskipta	Flutningssjóður olíuvara	430,0

Umsvif hins opinbera myndu minnka um: **54.783,2**

Hér er á mörgu að taka. Ríkið á ekki að reka sérstakan lánasjóð og því ber að leggja Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN) niður með tímanum. Það væri þó með öllu óraunhæft að gera slíkt á einu ári og kippa þannig fótunum undan þeim sem nú þegar hafa fengið vilýrði fyrir lánum. Þó ætti að huga að því að leggja niður LÍN og færa verkefni sjóðsins til einkaaðila.

Hvað landbúnaðarmál varðar þá fara tæpir 10,7 milljarðar króna úr vösum skattgreiðenda í fjármögnun niðurgreiðslna vega mjólkur-, sauð- og grænmetisframleiðslu. Slíkt er með öllu ótækt.

Að því sögðu er nauðsynlegt að taka fram að Sjálfstæðisflokkurinn er eini flokkurinn hér á landi sem talar máli atvinnulífsins. Þar er landbúnaður að sjálfsgöðu ekki undanskilinn.

Ljóst er að núverandi niðurgreiðslukerfi til mjólkur-, sauðfjár-, og grænmetisframleiðslu hefur fest bændur í fátæktargildru en kerfið er komið til vegna rangra og illa ígrundaðra stjórnvaldsákvarðana á árum áður. Slíku kerfi verður ekki kipt undan bændum á skömmum tíma en rétt er að huga þegar að því hvernig losa megi bændur úr fyrrnefndu kerfi.

Þannig mætti í sátt við landbúnaðinn, fella niður umrædda styrki á löngu tímabili, t.d. á 5-10 árum, og gefa bændum þann aðlögunartíma sem til þarf. Með þessu móti er líka hægt að koma í veg fyrir að skerðing á framlaginu velti strax út í verðlagið og hafi hækkandi áhrif á vísitölu neysluverðs. Eðlilegra er að neytendur greiði fyrir vöruna í gegnum vöruverð, en ekki í gegnum skattkerfið.

Umferðarstofa er fjármögnuð með öðrum gjöldum og sköttum. Leggja ber Umferðarstofu niður og færa nauðsynleg verkefni hennar til annarra stofnana. Þá lítur SUS svo á að *áróðurshlutverk* Umferðarstofu sé óþarft og að tryggingafélög hafi sýnt að þau geti vel sinnt slíku hlutverki.

Til lengri tíma ber að leggja niður vaxtabætur enda ótækt að þeir sem kosið hafa að taka lán fái fyrir það bætur frá öðrum skattgreiðendum. Þá er rétt að taka upp frekari tekjutryggingu á greiðslum barnabóta. Ávallt skal hafa í huga að velferðarkerfið á að virka fyrir þá sem nauðsynlega þurfa á því að halda. Rétt er að minna á að nota á skattkerfið sem tekjuöflun fyrir nauðsynlegum verkefnum ríkissjóðs, ekki sem tekjujöfnunarverkfæri. Því þarf að endurskoða hina ýmsu málaflokka, s.s. þá sem taldir eru upp hér að ofan. Með því að lækka skatta umtalsvert mætti með tímanum leggja niður greiðslur barna- og vaxtabóta.

Þá ber að endurskoða rekstur Vegagerðarinnar og með tímanum færa reksturinn í hendur einkaaðila. Rekstur vegagerðarinnar er að mestu fjármagnaður með bensínsköttum og öðrum gjöldum sem að sjálfsgöðu yrðu lögð niður.

Með tíð og tíma er rétt að einkaaðilar sjái um rekstur og þjónustu við vegi landsins og innheimti um leið gjöld af þeim sem vegina nota.

UM SUS

Samband ungra sjálfstæðismanna (SUS) er samband allra svæðisbundinna sjálfstæðisfélaga fólks á aldrinum 15 til 35 ára. Félögin eru 38 talsins. Um 11.000 ungir sjálfstæðismenn eiga aðild að sambandinu, sem var stofnað á Þingvöllum 27. júní árið 1930. Sambandsþing eru haldin annað hvert ár í ágúst eða september þar sem formaður og stjórnarmenn úr öllum kjördæmum landsins eru kjörnir til tveggja ára. Stjórnin hittist að jafnaði mánaðarlega. Framkvæmdastjórn, sem fer með daglegan rekstur sambandsins, kemur saman vikulega. Skrifstofa sambandsins er í Valhöll við Háaleitisbraut 1.

Stjórn

Ólafur Örn Nielsen, formaður
Runólfur Þór Sanders, 1. varaformaður
Sigríður Dís Guðjónsdóttir, 2. varaform.
Sævar Guðmundsson, ritari
Stefán Stefánsson, gjaldkeri
Ari Guðjónsson
Ásdís Halla Arnardóttir
Benedikt Hallgrímsson
Bergur Þorri Benjamínsson
Davíð Þorláksson
Egill Örn Gunnarsson
Elín Káradóttir
Fannar Hjálmarsson
Gísli Freyr Valdórsson
Gísli Jón Hjartarson
Hlynur Jónsson
Hödd Vilhjálmsdóttir
Ingibjörn Þórarinn Jónsson
Laufey Rún Ketilsdóttir
Margrét Rós Ingólfssdóttir
Maríjon Ósk Nóadóttir
Rafn Steingrímsson
Rúnar Ólason
Snævar Sölvi Sölvason
Vilhjálmur Þ.Á. Vilhjálmsson
Viðir Smári Petersen

Varastjórn

Björgvin Árnason
Dagný Jónsdóttir
Gunnsteinn Finnsson
Magnús Júlíusson
Ragnar Árni Sigurðsson
Þorsteinn Júlíus Árnason

UM SKÝRSLUNA

Skýrsla þessi var unnin af fjárlaganefnd SUS og stjórn SUS. Efni hennar er byggt á hugmyndavinnu þessa fólks auk þess sem stuðst er við ályktanir sem samþykktar voru á málefnaþingi SUS sem haldið var í Stykkishólmi dagana 5. – 7. nóvember sl.

Ritstjórar skýrslunnar voru Gísli Freyr Valdórsson og Sævar Guðmundsson.



Samband ungra sjálfstæðismanna
Háaleitisbraut 1
105 Reykjavík

515-1700
sus@xd.is
www.sus.is